

REGLUR

um stöðureiti og gjalddöku við Seljalandsfoss, Rangárþingi eystra.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 86. gr umferðarlaga nr. 77/2019 skulu eftirfarandi reglur gilda um stöðureiti og gjalddöku við Seljalandsfoss í Rangárþingi eystra:

1. Heimilt er að leggja bifreiðum á afmörkuðum stöðureitum við Seljalandsfoss.
2. Gjaldskrá fyrir bifreiðastöður er sem hér segir:

Einkabíll og jeppar	kr.	900
Jeppar – hópferða að 8 farþegum	kr.	1.000
Hópferðabifreiðar að 19 farþegum	kr.	1.800
Hópferðabifreiðar 20 farþegar o.fl.	kr.	3.500

Gjaldið veitir heimild til að leggja bifreið daginn sem greitt er.
3. Seljalandsfoss ehf. og sveitarstjórn annast innheimtu stöðugjalda og skal þeim varið til að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu og gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

Hvolsvelli, 4. maí 2023.

Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 23. maí 2023